

## Lög foreldrafélags Sunnulækjarskóla

### Nafn félagsins og aðild að því:

#### 1. grein.

Félagið heitir Foreldrafélag Sunnulækjarskóla. Félagar þess eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda skólans.

### Markmið

#### 2. grein.

Markmið félagsins eru að:

- styðja skólastarfið og efla tengsl heimilis og skóla
- efla samstarf og samstöðu foreldra innbyrðis
- koma á umræðu og fræðslufundum um uppeldis- og fræðslumál
- vinna að heill og hamingju nemenda Sunnulækjarskóla
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi starfsemi Sunnulækjarskóla
- styðja félags- og menningarstarf innan Sunnulækjarskóla

### Leiðir að markmiðum

#### 3. grein.

Starf félagsins byggist á samstarfi foreldra/forráðamanna nemenda, kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna skólans. Starf foreldrafélagsins stendur og fellur með þátttöku foreldra í starfsemi og ýmsum viðburðum á vegum þess.

### Aðalfundur og stjórn

#### 4. grein.

Aðalfundur foreldrafélagsins skal boða að hausti eigi síðar en í lok október ár hvert. Til hans skal boðað skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni hans ásamt lagabreytingum. Einfaldur meirihluti fundarmanna ræður úrslitum mála þó sbr. 8. gr.

Stjórnin heldur fundi einu sinni á önn og oftari ef þurfa þykir. Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að skipa nefndir um afmörkuð viðfangsefni. Stjórnin setur verkáætlan í samráði við þær.

Meðal verkefna aðalfundar eru:

- a. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár (skólaár).
- b. Ársreikningar félagsins fyrir síðastliðið starfsár, lagðir fram af gjaldkera, endurskoðaðir af tveimur öðrum stórnarmönnum.
- c. Lagabreytingar, ef slíkar tillögur liggja fyrir fundinum. Sjá nánar í 8. gr.
- d. Kosningar: 5 í stjórn félagsins, til tveggja ára í senn. Tveir stjórnarmenn og varamaður annað árið og þrír stjórnarmenn og varamaður hitt árið. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi þannig að hún sé skipuð formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda.“

### Félagsfundir

#### 5. grein.

Almenna félagsfundir skal stjórn boða til þegar hún telur ástæðu til. Til félagsfunda skal boða með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Stjórn er skylt að boða til félagsfundar ef fjórðungur félagsmanna óskar eftir því skriflega. Tilgreina skal fundarefnið þegar beiðni um félagsfund er sett fram.

## **Bekkjarfulltrúar**

### **6. grein.**

Kosning bekkjarfulltrúa skal fara fram á foreldrafundi í hverri bekkjardeild í byrjun skólaárs. Kjósa skal tvo til þrjá fulltrúa foreldra úr hverjum bekk, sem fara með umboð allra foreldra barna hvers bekkjar. Verksvið fulltrúanna er að vinna að góðum tengslum milli barna, foreldra og bekkjarkennara. Mappa með upplýsingum fyrir bekkjarfulltrúa skal fylgja hverjum bekk. Stjórn skipar tengilið við hvern bekkjarfulltrúa. Stjórn skal funda með bekkjarfulltrúum í byrjun hvernar annar skólaársins.

## **Foreldraráð**

### **7. grein**

Foreldraráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum, svo og með framkvæmd þeirra. Skólastjóri starfar með foreldraráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum. Foreldrar velja fulltrúa í foreldraráð til tveggja ára í senn. Stjórn foreldrafélagsins gengst fyrir póstkosningu annað hvert ár með undanfarandi söfnun uppástunga.

## **Lagabreytingar**

### **8. grein.**

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi tillögur um lagabreytingar verið kynntar í fundarboði. Breytingartillögur verða að berast stjórn með minnst 3ja daga fyrirvara.

## **Slit foreldrafélagsins**

### **9. grein.**

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfundi og renna þá eignir þess til Sunnulækjarskóla.

## **Bráðabirgðarákvæði**

### **10. grein.**

Stjórn félagsins skal kjörin á aðalfundi og skipuð að lágmarki 5 en að hámarki 9 manns. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi og skal skipuð formanni, varaformanni, gjaldkera og meðstjórnendum. Standi fjöldi stjórnarmanna á sléttri tölu skal atkvæði formanns vera oddaatkvæði, sé kosið um mál í stjórn.